



## Reglur um umsóknir og innritun í Leikskóla Fjallabyggðar

Leikskóli er fyrsta skólastig í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Leikskóli Fjallabyggðar býður upp á leikskólanám fyrir börn frá eins árs aldri. Leikskólustjóri og aðstoðarleikskólustjóri annast innritun barna í Leikskóla Fjallabyggðar. Innritun og aðlögun barna á yngstu deild leikskólans fer fram fjórum sinnum á ári. Innritun og aðlögun barna á aðrar deildar fer fram jafnóðum og umsóknir berast að því gefnu að rými og mönnun leyfi.

## Skráningar- og innritunarreglur

Sækja þarf um leikskóladvöl á sérstöku umsóknareyðublaði sem aðgengilegt er í Rafræn Fjallabyggð, á heimasíðu leikskólans og hjá stjórnendum. Mikilvægt er að umsóknin sé vel útfyllt. Á sama stað eru umsóknareyðublöð fyrir breytingu á leikskólavistun og uppsögn á leikskólavistun.

Öllum foreldrum er heimilt að sækja um leikskóla fyrir börn sín í Fjallabyggð óháð lögheimili en lögheimili í Fjallabyggð er skilyrði þess að barn geti hafið leikskólagöngu sína við Leikskóla Fjallabyggðar. Hægt er að sækja um tímabundna undanþágu vegna barns sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi, enda liggja fyrir gildar ástæður s.s. námsdvöl foreldra í Fjallabyggð eða tímabundin fósturvistun á vegum barnaverndar. Í slíkum tilfellum þarf að liggja fyrir samþykki lögheimilissveitarfélags um greiðslu til Fjallabyggðar á leikskólagjaldi fyrir barnið, samkvæmt viðmiðunargjaldi Sambands íslenskra sveitarfélaga og samþykki Fjallabyggðar um undanþágu frá lögheimilisskráningu. Undanþága er einungis veitt eitt skólaár í senn.

Leikskólaplássur er úthlutað ef öllum skilyrðum er fullnægt, eftir dagsetningu umsóknar, skipulagi leikskóla og reglum um forgang.

Reglur um forgangsröðun barna í leikskóla Fjallabyggðar eru eftirfarandi:

- a) Forgang hafa börn með fötlun og skal þá greining vera í ferli eða lokið.
- b) Forgang hafa börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati Félagsmáladeildar Fjallabyggðar.
- c) Börn eru innrituð í leikskólann eftir aldri, það er kennitölu.
- d) Í undantekningartilfellum geta þeir átt rétt til forgangs fyrir börn sín sem sinna grunnþjónustu í sveitarfélaginu. Ákvarðanir um slíkar afgreiðslur skulu teknar í samráði við deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála, sem ber afgreiðslu sína undir fræðslu- og frístundaneftnd.

Við innritun barns í leikskóla getur þurft að taka tillit til aldursviðmiðs á deildum og dvalartíma sem laus er í leikskólanum hverju sinni.

## **Tvöföld leikskólavist er ekki heimil**

Barn á grunnskólaaldri með lögheimili í Fjallabyggð getur aðeins verið skráð í einn leikskóla á hverjum tíma óháð því hvort barn hafi búsetu á tveimur heimilum eða jöfn forsjá sé hjá foreldrum, svokölluð tvöföld leikskólavist er því ekki heimil.

Á sama hátt er tvöföld leikskólavist barns með lögheimili utan Fjallabyggðar ekki heimil í Leikskóla Fjallabyggðar.

## **Að hafna leikskólaplássi**

Ef foreldri/forráðamaður barns þiggur ekki boð um leikskólapláss við úthlutun, fær umsóknin nýja dagsetningu nema ef samið er um að barnið byrji á öðrum tíma.

## **Dvalarsamningur**

Við upphaf leikskólagöngu skrifa foreldrar undir sérstakan dvalarsamning sem meðal annars kveður á um dvalartíma og fæðis kaup. Dvalarsamningur tekur mið af reglum þessum og með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá og skráningar og innritunarreglur leikskóla Fjallabyggðar.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra. Óski foreldrar eftir breytingu á dvalarsamningi sækja þeir um það hjá leikskólastjóra á sérstöku eyðublaði.

## **Leikskólagjöld, vanskil og uppsögn dvalarsamnings.**

Bæjarstjórn ákveður gjaldskrá leikskóla og gerir breytingar á verðgrunni að fenginni umsögn fræðslu- og frístundanevndar.

Eftirfarandi afslættir eru veittir af leikskólagjöldum. Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjaldi:

- a. Systkinaafsláttur er veittur vegna barna á forræði forráðamanns/manna sem hér segir, að því tilskildu að þau eigi sameiginlegt lögheimili í Fjallabyggð:

50% afsláttur vegna 2. barns

75% afsláttur vegna 3. barns

100% afsláttur vegna 4. barns og þar umfram.

Systkinaafsláttur leikskóla og lengdrar viðveru í grunnskóla eru tengdir saman. Yngsta barn greiðir alltaf fullt gjald og afsláttur er mestur á elsta barni.

- b. Einstæðir foreldrar fá 30% afslátt af leikskólagjaldi fyrsta barns.
- c. Leikskólagjöld og fæðisgjald skulu felld niður ef börn eru fjarverandi í 1 mánuð eða lengur vegna veikinda barns, að því tilskildu að veikindavottorð liggi fyrir. Að sama

skapi er heimilt, að höfðu samráði við félagsþjónustu Fjallabyggðar, að fella niður leikskólagjöld ef félagslegar aðstæður valda langvinnum fjarvistum

- d. Foreldrar með metna 75% örorku fá 30% afslátt af leikskólagjaldi fyrsta barns. Framvísa þarf útgefnum örorkuskírteinum frá Tryggingarstofnun ríkisins.

Lækkun á gjaldi kemur til framkvæmda 1. dag næsta mánaðar eftir framvísun vottorðs eða viðeigandi gagna. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar. Afsláttir eru aldrei veittir aftur í tímann.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verður hlutaðeigandi krafinn um mismuninn.

Enginn afsláttur er veittur af gjöldum þótt barn sé fjarverandi nema um langvarandi fjarveru vegna veikinda sé að ræða (mánuð eða meira) og veikindavottorð hafi borist.

Afsláttur er gefinn af fæðisgjaldi ef barn er fjarverandi samfelt í 2 vikur eða lengur ef fjarveran hefur verið tilkynnt leikskólanum.

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrir fram. Gjaldagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 15. dögum síðar. Leikskólagjöld eru ekki innheimt þann tíma sem leikskóli er lokaður vegna sumarleyfis. Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtulegum Fjallabyggðar.

Ef leikskólagjöld eru í vanskilum vegna þriggja mánaða og ekki hefur verið samið um skuldina er litið svo á að foreldrar hafi fyrirgert rétti sínum til áframhaldandi þjónustu. Sjá nánar í innheimtulegum Fjallabyggðar. Leikskólastjóri og deildarstjóri stjórnsýslu- og fjármáladeildar leiðbeina foreldrum um að leita úrlausna.

Ef foreldrar/forráðamenn virða ítrekað ekki umsamin vistunartíma það er sækja barn sitt of seint, hefur leikskólastjóri að undangenginni viðvörðun heimild til að segja viðkomandi upp dvalarsamningi.

## Umsókn í leikskóla utan Fjallabyggðar

Börn með lögheimili í Fjallabyggð hafa möguleika að sækja leikskóla utan Fjallabyggðar sækja foreldrar um slíkt til fræðsluskrifstofu. Hægt er að sækja um almennan leikskóla hvort sem hann er rekinn af öðrum sveitarfélögum eða er sjálfstætt starfræktur. Samþykki viðkomandi leikskóli umsókn foreldra fyrir barn sitt þurfa foreldrar að sækja um leyfi fræðslufirvalda Fjallabyggðar sem samþykkir eða synjar umsókninni. Samþykki Fjallabyggð slíka umsókn er það forsenda greiðslu kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga af hálfu Fjallabyggðar til viðkomandi leikskóla utan sveitarfélagsins.

Uppfærðar reglur um umsóknir og innritun í Leikskóla Fjallabyggðar taka gildi 1. janúar 2024.

**Samþykkt í Bæjarstjórn Fjallabyggðar 12. október 2023**